

# ÖRUGGARA VESTURLAND



## Samstarfsyfirlýsing vegna svæðisbundins samráðs um varnir gegn ofbeldi og öðrum afbrotum á Vesturlandi

Lögreglustjórinn á Vesturlandi í samvinnu við Akraneskaupstað, Borgarbyggð, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshrepp, Grundafjarðarbæ, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshrepp, Snæfellsbæ, Sveitarfélagið Stykkishólmur, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Fjölbrotaskóla Vesturlands, Fjölbrotaskóla Snæfellinga, Menntaskóla Borgarfjarðar, sýslumanninn á Vesturlandi og ríkislögreglustjóra munu vinna saman að ofbeldis- og afbrotavörnum og bættri þjónustu við þolendur ofbeldis á Vesturlandi. Munu framangreindir aðilar skuldbinda sig til samvinnu með undirritun þessarar samstarfsyfirlýsingar.

Í **aðdraganda** samstarfsyfirlýsingar hafa samstarfsaðilar farið yfir stöðuna á Vesturlandi með tilliti til fyrirliggjandi tölfræði um afbrot á svæðinu og um líðan og öryggistilfinningu íbúa sem og til fyrri reynslu af samvinnu í málaflokknum. Ljóst er að rík hefð er fyrir forvörnum og samvinnu í afbrotavörnum en að jafnframt sé vilji til að efla samstarf og samræmingu enn frekar. Við þessa vinnu hefur komið sterkt fram að samstarfsaðilar eru reiðubúnir í frekari samvinnu um enn öruggara samfélag á Vesturlandi.

**Meginmarkmið** með svæðisbundnu samráði á Vesturlandi er að leita leiða til að koma í veg fyrir ofbeldi og önnur afbrot á svæðinu en jafnframt að auka sýnileika og bæta aðgengi að þjónustu í kjölfar ofbeldis. Önnur markmið eru meðal annars;

- að auka öryggi íbúa og tilfinningu þeirra fyrir eigin öryggi
- að samræma, styrkja og auka sýnileika þess sem gert er til að sporna við og bregðast við ofbeldi
- að efla enn frekar samstarf um afbrotavarnir og forvarnir gegn ofbeldi
- að þróa nýjar aðgerðir sem miða að því að draga úr ofbeldi og bæta þjónustu við þolendur
- að leggja ríka áherslu á aukin tengsl við börn og ungmenni á öllum svæðum umdæmisins.

### Fyrirkomulag samráðsins

Stofnaður verður reglubundinn **samráðsvettvangur** á Vesturlandi sem samanstendur af aðilum sem á einhvern hátt vinna að aðgerðum gegn ofbeldi eða þjónustu við þolendur. Samráðsfundur er haldinn einu sinni á ári þar sem farið er yfir framgang þeirra verkefna sem

unnin hafa verið frá síðasta fundi og niðurstöður nýjustu greininga/mælinga í málaflokknum auk þess sem hugmyndum að áframhaldandi verkefnum er safnað.

Stofnuð verða þrjú **framkvæmdateymi** sem samanstanda af aðilum sem starfa í umboði þeirra sem undirrita samráðsyfirlýsinguna. Hlutverk framkvæmdateyma er að vera leiðandi í þróun samráðsins, undirbúa samráðsfundi, fylgja eftir verkefnum, hafa yfirsýn í málaflokknum og nýjustu greiningum og og taka á grundvelli þeirra ákvarðanir um ný verkefni. Framkvæmdateymi funda að jafnaði mánaðarlega á hverju skólaári.

Fulltrúi lögreglustjórans á Vesturlandi boðar fundi og leiðir framkvæmdateymin. Þátttaka í samráðsvettvangi, framkvæmdateyimum og vinna við áhersluverkefni er alla jafna unnin sem hluti af daglegum rekstri samstarfsaðila.

#### **Framkvæmdaáætlun svæðisbundins samráðs á Vesturlandi;**

- Að innleiða samráðsvettvang sem fundar einu sinni á ári.
- Að innleiða reglubundna fundi framkvæmdateyma sem funda að jafnaði mánaðarlega á hverju skólaári.
- Að auka enn frekar samvinnu- og samráð í afbrota- og forvarnaverkefnum sem þegar eru í vinnslu hjá samstarfsaðilum.
- Að leita leiða til að auka enn frekar samvinnu vegna áhættuhegðunar barna og ungmenna.
- Að leita leiða til að auka enn frekar samvinnu í úrlausn heimilisofbeldismála.
- Að skilgreina mælikvarða sem notaðir eru til árangursmælinga og innleiða eftirfylgni með þeim.


Samstarfsaðilar skuldbinda sig til að fylgja eftir aðgerðum framkvæmdaáætlunar. Þátttakendur í framkvæmdateyimum sækja umboð til að taka þátt í og hefja ný áhersluverkefni innan framkvæmdaáætlunar til síns vinnustaðar þegar þörf er á.


#### **Gildistími og endurskoðun samstarfsyfirlýsingar**


Samstarfsyfirlýsingin tekur þegar gildi. Markmið og áætlanir skulu endurskoðuð árlega á vettvangi samráðfundar allra samstarfsaðila.

Vesturland, 16. maí 2024

  
Akraneskaupstaður

  
Borgarbyggð


  
Dalabyggð


  
Eyja- og Miklaholtshreppur

  
Grundarfjarðarbær

  
Hvalfjarðarsveit

  
Snæfellsbær

  
Skorradalshreppur


  
Sveitarfélagið Stykkishólmur

  
Fjölbautaskóli Vesturlands Akranesi


  
Fjölbautaskóli Snæfellinga

  
Menntaskóli Borgarfjarðar

  
Sýslumaðurinn á Vesturlandi


  
Vesturlandsprófastsdæmi

  
Ungmennasamband Dalamanna  
og Norður-Breiðfirðinga

  
Héraðssamband Snæfellesness  
og Hnappadalssýslu

  
Íþróttabandalag Akraness (ÍA)

  
Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB)

  
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

  
Ríkislögreglustjóri

  
Lögreglustjórinn á Vesturlandi

  
Heilbrigðisstofnun Vesturlands